

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur

2007

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Iðavöllum 12
230 Reykjanesbær
kt. 640479-0279

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur

2007

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur ársins 2007	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju og gjaldareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaradgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaradgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.


Reykjanesbær 28. mars 2008

Deloitte hf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjanesbær, 28. mars 2008



Skýrsla stjórnar


Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Á árinu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstörf við starfsemi þess og tengdra fyrirtækja en hluti launakostnaðar er síðan gjaldfærður hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á árinu námu samtals 14,4 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 12,7 milljónum króna og eigið fé í lok ársins nam um 50,2 milljónum króna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.


Reykjanesbær, 28. mars 2008

Í stjórn


Oddný Harðardóttir
stjórnarformaður


Garðar K. Vilhjálmsson


Jóna Kristín Þorvaldsdóttir


Birgir Örn Ólafsson


Oskar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri


Guðjón Guðmundsson

Tekju og gjaldareikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	Áætlun 2007	2006
Tekjur				
Rekstrartekjur		19.721.260	16.528.000	17.624.577
Aðrar tekjur		398.082	0	405.552
		<u>20.119.342</u>	<u>16.528.000</u>	<u>18.030.129</u>
Gjöld				
Laun og tengd gjöld	3	14.365.517	13.787.000	12.350.340
Önnur rekstrargjöld		10.451.043	9.501.000	8.917.244
Þátttaka Heilbrigðiseftirlits, Brunavarna og Almanna- og stjórnunarkostnaði		(6.760.000)	(6.760.000)	(6.239.000)
		<u>18.056.560</u>	<u>16.528.000</u>	<u>15.028.584</u>
Rekstrarhagnaður		2.062.782	0	3.001.545
Fjármunatekjur	4	11.707.643	0	6.135.248
Fjármagnsgjöld	5	(1.293.566)	0	(3.257.544)
Tekjuafgangur af reglulegri starfsemi		12.476.859	0	5.879.249
Tekjur vegna verkefna SSS		228.500	0	983.600
Tekjuafgangur ársins		<u>12.705.359</u>	<u>0</u>	<u>6.862.849</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Fastafjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	0	2.271.984
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	8	282.422.381	355.718.833
		<u>282.422.381</u>	<u>357.990.817</u>
Veltufjármunir			
Óútskuldud verkefni		29.821.650	26.741.491
Viðskiptakröfur	9	48.708.684	25.716.118
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja		60.338.704	51.209.481
Aðrar skammtímakröfur	9	27.913.783	3.097.989
Næsta árs afborgun langtímakostnaðar		0	1.803.520
Næsta árs afborgun vegna Sjúkrahús, D-álma		2.493.000	8.000.000
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja		85.000.000	82.500.000
Handbært fé	9	16.973.373	12.703.415
		<u>271.249.194</u>	<u>211.772.014</u>
Eignir		<u>553.671.575</u>	<u>569.762.831</u>

31. desember 2007

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Eigið fé	10		
Óráðstafað eigið fé		50.225.573	37.520.214
Eigið fé		<u>50.225.573</u>	<u>37.520.214</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	11	334.986.884	391.915.596
		<u>334.986.884</u>	<u>391.915.596</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	8.692.185	8.435.472
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	84.690.802	79.456.050
Fyrirframútskuluð verkefni		59.923.182	37.394.625
Aðrar skammtímaskuldir	12	15.152.949	15.040.874
		<u>168.459.118</u>	<u>140.327.021</u>
Skuldir		<u>503.446.002</u>	<u>532.242.617</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>553.671.575</u></u>	<u><u>569.762.831</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Tekjuafgangur ársins		12.705.359	6.862.849
Verðbætur langtímalána		1.741.466	4.952.795
		<u>14.446.825</u>	<u>11.815.644</u>
Veltufé frá rekstri		14.446.825	11.815.644
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun		(48.491.934)	(17.235.102)
Rekstrartengdar skuldir lækkun (lækkun)		22.897.345	3.276.314
		<u>(11.147.764)</u>	<u>(2.143.144)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna		(21.645.547)	(25.400.175)
Afborganir langtímaverkefna		127.714.572	128.326.935
Skammtímalán til Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, lækkun		(9.129.223)	(4.711.281)
		<u>96.939.802</u>	<u>98.215.479</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(81.522.080)	(90.543.859)
		<u>(81.522.080)</u>	<u>(90.543.859)</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		4.269.958	5.528.476
Handbært fé í upphafi árs		12.703.415	7.174.939
Handbært fé í lok árs		<u>16.973.373</u>	<u>12.703.415</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Niðurstaða af verkefnum sem sambandið rekur fyrir eigin reikning samkvæmt fjárhagsáætlun er færð árlega yfir rekstrarreikning. Önnur verkefni, sem hljóta sérstakar fjárveitingar, eru ekki færð yfir rekstrarreikning fyrir en þeim er lokið.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabili í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður og kemur ekki nálægt rekstrarreikningi sambandsins fyrir en verkefninu er lokið.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skýringar

3. Launamál

	2007	2006
Laun	23.117.264	20.735.713
Launatengd gjöld	4.678.795	3.633.977
Annar starfsmannakostnaður	905.351	604.551
Þátttaka annarra í launakostnaði	(14.335.893)	(12.623.901)
	<u>14.365.517</u>	<u>12.350.340</u>

4. Fjármunatekjur

	2007	2006
Vaxtatekjur af bankareikningum	7.264.411	193.390
Aðrar vaxtatekjur	4.443.232	5.941.858
	<u>11.707.643</u>	<u>6.135.248</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2007	2006
Önnur vaxtagjöld	(5.701.242)	(8.457.275)
Vaxtagjöld millifærð á önnur verkefni	4.407.676	5.199.731
	<u>(1.293.566)</u>	<u>(3.257.544)</u>

6. Langtímakröfur- Fyrirframgreiddur kostnaður

Sambandið og fyrirtæki þess hafa lagt út fyrir kostnaði við að innrétta og endurbæta skrifstofuáðstöðu að Fitjum fyrir starfsemi sína. Samkomulag var við eigendur hússins um að þessi kostnaður myndi ganga upp í húsaleigu. Á árinu 2007 flutti sambandið aðsetur sitt að Íðavöllum 12 og hefur gert samning við eiganda hússins um leigu frá og með 1. janúar 2008. Í árslok 2007 voru 15 mánuðir eftir af samningi vegna húsnæðisins að Fitjum og eru eftirstöðvar útlagðs kostnaðar um 2,4 milljónir króna og eru þær færðar sem fyrirframgreiddur kostnaður á meðal veltufjármuna.

7. Langtímakröfur - Sjúkrahús, D-álma

Sambandið hefur haft umsjón með framkvæmdum við D-álmu sjúkrahúss Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og annast fjármögnun þeirra. Áformað er að ljúka endurgreiðslu framkvæmdanna á árinu 2008. Framkvæmdakostnaðar greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	8.000.000
Innheimt af sveitarfélögum	(6.000.000)
Vextir af lánsfjármögnun á árinu	493.000
	<u>2.493.000</u>
Næsta árs afborganir.....	(2.493.000)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>0</u>

Skýringar

8. Langtímakröfur - Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtrygð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka ársins og greinast þannig:

Staða í ársbyrjun	438.218.833
Greiðslur frá sveitarfélögum og ríkissjóði	(119.695.153)
Vextir og verðbætur	48.898.701
	<u>367.422.381</u>
Næsta árs afborganir.....	(85.000.000)
Fært meðal fastafjármuna.....	<u>282.422.381</u>

9. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2007	31.12.2006
Innlendar viðskiptakröfur	52.955.790	30.040.490
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(4.247.106)	(4.324.372)
	<u>48.708.684</u>	<u>25.716.118</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um tæplega 4,3 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um 4 milljónir króna en rúmar 205 þúsund krónur eru vegna annara krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á tímabilinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	4.324.372
Tapaðar kröfur á árinu	(361.120)
Gjaldfærð niðurfærsla á tímabilinu	283.854
	<u>4.247.106</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2007	31.12.2006
Ríkissjóður	22.122.280	2.502.547
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.238.192	595.442
Fyrirframgreidd laun	93.997	0
Aðrar kröfur	1.459.314	0
	<u>27.913.783</u>	<u>3.097.989</u>

Skýringar

9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2007	31.12.2006
Sjóður	5.000	5.000
Bankainnstæður í íslenskum krónum	16.968.373	12.698.415
	<u>16.973.373</u>	<u>12.703.415</u>

10. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2007	37.520.214
Tekjuafgangur ársins	<u>12.705.359</u>
Eigið fé 31.12.2007	<u>50.225.573</u>

11. Langtímaskuldir

Á árinu 2003 var haldið opið skuldabréfaútbod að fjárhæð 500 milljónir króna fyrir sambandið, en skuldabréfin voru boðin til sölu á markaði og skráð í Kauphöll Íslands. Láninu er ætlað að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og voru eftirstöðvar lánsins í lok ársins 2006 471 milljón króna. Skuldabréfin eru verðtrygð til 10 ára með þremur jöfnum árlegum afborgunum. Sveitarfélögin sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum ábyrgjast skuldabréfin með tekjum sínum og eignum í hlutfalli við eignarhluta sem greinast þannig: Reykjanesbær 64,93%, Grindavík 13,52%, Sandgerði 8,44%, Gerðahreppur 7,11% og Vatnsleysustrandarhreppur 6%.

	Aðrar langtímaskuldir	
	31.12.2007	31.12.2006
Skuldir í ISK	419.677.686	471.371.646
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(84.690.802)</u>	<u>(79.456.050)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>334.986.884</u>	<u>391.915.596</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir
Næsta árs afborganir	84.690.802
Afborganir 2009	83.258.895
Afborganir 2010	82.781.592
Afborganir 2011	63.354.899
Afborganir 2012	63.354.899
Afborganir síðar	<u>42.236.599</u>
	<u>419.677.686</u>

Skýringar

12. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2007	31.12.2006
Innlendar viðskiptaskuldir	8.692.185	8.435.472
	<u>8.692.185</u>	<u>8.435.472</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2007	31.12.2006
Virðisaukaskattur	551.556	783.764
Ógreidd laun og launatengd gjöld	10.839.056	10.017.567
Ógreiddir áfallnir vextir	3.633.056	4.168.415
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	129.281	71.128
	<u>15.152.949</u>	<u>15.040.874</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2007	31.12.2006
Aðrar langtímaskuldir	84.690.802	79.456.050
	<u>84.690.802</u>	<u>79.456.050</u>

13. Skuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar

Sambandið hefur á undanförmum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Áfallin skuldbinding vegna lífeyrisréttinda sambandsins og fyrirtækja þess hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2006 og uppreiknuð miðað við launavísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til ársloka 2007 auk 2% vaxta. Heildarlífeyrisskuldbinding vegna sambandsins, heilbrigðiseftirlits og sorpeyðingarstöðvar var áætluð 201,4 milljónir króna og er hlutur þessara fyrirtækja metinn á 55,7% af þeirri fjárhæð eða 112,1 milljónir króna. Við útreikning hefur verið byggt á tilteknum forsendum um skiptingu ábyrgðar á skuldbindingunni milli lífeyrissjóðsins, ríkissjóðs og fyrirtækjanna. Einnig er byggt á ákveðnum forsendum um launa- og verðlagsbreytingar í framtíðinni. Talsverð óvissa er því um endanlega fjárhæð skuldbindingarinnar sem hefur ekki verið færð í ársreikninginn.

Skuldbindinginn skiptist þannig á milli sambandsins og tengdra fyrirtækja í milljónum króna:

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	28,0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	42,6
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja	41,5
	<u>112,1</u>

Atvinnuþróunarráð

Atvinnuþróunarráð hefur veitt loforð um styrkveitingar til nokkurra aðila að uppfylltum skilyrðum. Heildarfjárhæð veittra loforða vegna ársins 2007 nemur 4,2 milljónum króna og vegna ársins 2008 7,3 milljónum króna.

14. Starfsmannamál

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar, sjá skýringu nr. 3.

15. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. mars 2008.